



# Oddeyrarskóli Tengja

7. tölublað  
skólaárið  
2012-2013

Febrúar 2013



## Skemmtileg árshátíð afstaðin!

Dagana 25. og 26. janúar  
héldum við árshátíð í  
Oddeyrarskóla. Allir bekkir


undirbjuggu atriði til að sýna á sal og voru atriðin  
afar fjölbreytt. Við fengum að sjá atriði úr  
Bakkabræðrum, Hans og Grétu, Mary Poppins, Emil  
í Kattholti, Gulleyjunni, Galdrakarlinum í Oz og  
Grease. Einnig fengum við að fræðast um álfa og  
heyra japanskt lag og flotta dansa. 10. bekkur sýndi  
að venju lengra atriði, en það var brot úr Bugsy  
Malone.

Eins og venja er styður foreldrafélag skólans  
dyggilega við árshátíðina með því að útvega  
10. bekknum leikstjóra sem undirbýr þeirra

atriði. Að þessu sinni fengum við Óðin Valsson,  
en hann hefur áður liðsinnt okkur í  
árshátíðarundirbúningi.

Foreldrafélagið var með kaffihlaðborð og var  
það vel sótt.

Á laugardagskvöldið  
héldu nemendur 10.  
bekkjar dansleik og  
virtust allir skemmta  
sér konunglega.



## Þemavinna í 2. bekk

Undanfarnar tvær vikur hefur 2. bekkur  
unnið með hina bráðskemmtilegu bók *Gula  
sendibréfið* eftir Sigrúnu Eldjárn í  
Byrjendalæsinu. Við samþættum vinnuna  
við verkefnið *Pósthúspema* í  
stærðfræðibókinni Einingu 4. Nemendur  
hafa unnið mörg skemmtileg verkefni sem  
fjalla um ferlið frá því við skrifum bréf og  
þanngað til bréfið kemur til viðtakanda. Við  
höfum grandskoðað frímerki og skoðað  
verðgildi þeirra, lært um árstíðir, mánuði,  
vikudaga og skoðað dagatöl. Við höfum  
einnig gert uppdrátt af söguviði bókarinnar  
útbúið spurningar úr sögunni, spilað  
jöfnuspil með orðum úr sögunni, lært að  
setja upp sendibréf og margt, margt fleira.

Við ætlum að ljúka þessari vinnu með því  
að heimsækja Íslandspóst í fyrramálið þar  
sem börnin fá að sjá með eigin augum hvað  
verður um bréfin og hvernig þeim er komið  
til viðtakanda. Aldrei að vita nema óvæntur  
glaðningur skili sér heim til foreldra :)

## Fáðu JÁ ... forvarnarfræðsla á unglingastigi

Miðvikudaginn 30. janúar sýndum við myndina **FÁÐU JÁ** í 8. 9.  
og 10. bekk. Eftir sýningu myndarinnar var krökkunum skipt  
niður í kynskipta hópa með tveimur kennurum hverjum hópi.  
Einnig komu Gunnlaugur (forvarnarfulltrúi) og Óðinn frá  
félagsmiðstöðinni og voru með okkur. Í hópunum urðu góðar  
umræður og voru krakkarnir sammála um að myndin væri góð.

Myndinni er skipt í sex kafla sem fjalla um; *Hvað er kynlíf, Klám,  
Ofbeldi, Að setja mörk, Hvað ef manni er nauðgað* og svo loks  
*Fáðu já*. Þótt fólk af báðum kynjum geti orðið fyrir  
kynferðisofbeldi er staðreynd að meirihluti brotaþola er  
kvenkyns og mikill meirihluti gerenda karlkyns.

**Fáðu Já** tekur m.a. á klámi og algengum ranghugmyndum sem  
þaðan eru sprottnar. Áhrifa frá klámi er farið að gæta í  
afþreyingarefni eins og tónlistarmyndböndum sem sýnd eru  
allan sólarhringinn í sjónvarpi. Kynfræðsla hefur alls ekki haldið í  
við þessa hröðu þróun á útbreiðslu klámefnis og því var þessi  
mynd mjög tímabær. Kenna þarf ungmennum að klám er  
sviðsett söluvara sem gefur ekki  
raunsanna mynd af kynlífi.

Nánari upplýsingar á <http://faduja.is/>



## Myndir frá árshátíð



## Sýn Oddeyrarskóla (drög til umsagnar)

### Ábyrgð – virðing – vinátta (vinsemd)

*Í Oddeyrarskóla vinnum við saman að því að skapa skólasamfélag sem einkennist af jákvæðum skólabrag, áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingum.*

Jákvæður skólabragur byggist á virðingu fyrir öllum einstaklingum og umhverfi þar sem margbreytileika skólasamfélagsins er fagnað. Hver og einn er meðvitaður um gildi sitt í samfélaginu og axlar ábyrgð á hlutverki sínu.

Til að skapa áhuga meðal einstaklinga þarf að gera námið forvitnilegt og fjölbreytt og náms- og starfsumhverfi vinsamlegt og hvetjandi. Hver og einn sýnir ábyrgð í því að leita leiða til að skapa þessar aðstæður.

Til að laða fram metnað þarf að skapa aðstæður þar sem einstaklingum er gefinn kostur á að nýta styrkleika sína og hæfileika og að mat á starfinu sé sett fram með leiðsegjandi og uppbyggjandi hætti. Þannig skapast vilji til að þróa og efla starfið.

## Íslenskukennsla á unglíngastigi — breyttar áherslur



Undanfarin ár hafa áherslur í íslenskukennslu á unglíngastigi verið að breytast í þá átt að minnka áherslu á ýmisskonar málfræðigreiningu og auka áherslu á lestur, ritun og munnlega tjáningu. Málfræðiverkefni á moodle hafa að hluta til komið í stað hefðbundinnar málfræðivinnu í verkefnabókum. Lögð hefur verið áhersla á frjálsan lestur nemenda og einnig er lesið fyrir nemendum í áttunda og níunda bekk tvisvar í viku. Þó hefur ekki verið lesið reglulega fyrir tíunda bekk í vetur. Við val á þeim bókmenntum sem lesnar eru fyrir nemendum er haft í huga að velja bækur sem þeir myndu að öðrum kosti ekki lesa sjálfir, reynt hefur verið að velja bækur sem skrifaðar eru fyrir fullorðna en höfða eigi að síður til nemenda.

Nú í vetur hefur áherslan beinst að samræðunni. Þjálfar nemendum í að ræða saman á skipulegan hátt með það að markmiði að auka og dýpka skilning þeirra á þeim viðfangsefnum sem fyrir liggja.

Undanfarið hefur sjónum verið beint að tengslum samræðunnar og ritunar. Með vel undirbúinni samræðu er lagður grunnur að skipulegri skriflegri frásögn með fjölbreyttum orðaforða.

